


Lengd á vinnumarkaði

Virgni stýrivaxta á Íslandi

Húsnæðisverð í Evrópu

HAGTÖLUR VR	
Meðalheildarlaun VR	600.570 kr.
Launavísitala VR, breyting seinustu 12 mánuði	3,8%
Kaupmáttarvísitala VR, breyting seinustu 12 mánuði	1,0%
Atvinnuleysi félagsmanna VR	1,9%
Fjöldi félagsmanna VR	36.100

Ársbreyting fasteignaverðs á höfuðborgarsvæðinu



Efnahagsyfirlit VR er gefið út í tengslum við mánaðarlega stjórnarfundir félagsins. Yfirlitið er samantekt á hagtölum og öðru efni sem tengist vinnumarkaðs- og kjaramálum og er tilgangurinn að upplýsa og fræða félagsmenn um stöðu þjóðhagsmála hverju sinni.

Lengd á vinnumarkaði


Það er þekkt að vinnuvikan á Íslandi er almennt lengri en gengur og gerist í löndum sem við berum okkur saman við¹. Sem dæmi var vinnuvikan næst lengst á Íslandi árið 2017 í samanburði við önnur lönd í Evrópu. Þá var vinnuvikan um fimm tímum lengri á Íslandi en á hinum Norðurlöndunum².

Það sem er hins vegar minna fjallað um er hvað hver einstaklingur má búast við að verja mörgum árum ævi sinnar í vinnu.³ Flestir Íslendingar byrja að vinna á sumrin sem unglingar og margir vinna með skóla. Þá er einnig þekkt að Íslendingar halda margir áfram að vinna eftir að taka lífeyris hefst. Samkvæmt tölum Hagstofu Evrópusambandsins er yfir þriðjungur ellilífeyrisþega starfandi á Íslandi. Tæpur helmingur segist halda áfram að vinna til að hafa nægar tekjur en um 40% segjast halda áfram að vinna vegna ánægju í starfi.


Þetta þýðir að hvergi í Evrópu vinnur fólk jafn stóran hluta ævinnar og á Íslandi. Íslenskir karlar eru 10,5 árum lengur í vinnu en karlar í Evrópusambandslöndum að meðaltali. Þá er starfsævi íslenskra karla um átta árum lengri en karla í hinum Norðurlöndunum. Íslenskar konur eru tæplega 12 árum lengur á vinnumarkaði en konur í Evrópusambandslöndum. Í samanburði við hin Norðurlöndin eru íslenskar konur tæplega sjö árum lengur á vinnumarkaði en konur á hinum Norðurlöndunum.

Vænt starfsævi íslenskra karla er 48,8 ár. Þá vekur það athygli að íslenskar konur eyða fleiri árum ævi sinnar í vinnu, eða 45,2 árum, en þeir karlar sem vinna lengst að íslenskum karlmönnum undanskildum. Karlar frá Sviss eru á vinnumarkaði 44,9 ár að meðaltali og raðast beint á eftir íslenskum körlum, og á eftir íslenskum konum.

Mynd 1 – Væntur fjöldi ára á vinnumarkaði - Allir



Mynd 2 – Væntur fjöldi ára á vinnumarkaði eftir kyni



¹ Hér er átt við raunverulegan vinnutíma, ekki umsaminn vinnutíma í kjarasamningum.

² Hér er átt við hefðbundinn vinnutíma sem er án neysluhléa og án tíma sem varið er í keyrslu til og frá vinnu.

³ Skilgreining á starfsævi hér byggir á skilgreiningu Hagstofu ESB; „The duration of working life indicator (DWL) measures the number of years a person aged 15 is expected to be active in the labour market throughout his/her life.“

Virgni stýrivaxta á Íslandi

Stýrivextir á Íslandi hafa um langt skeið verið mun hærri en í löndum sem við berum okkur saman við. Því er almennt haldið fram að það sé vegna hærri verðbólgu á Íslandi en annars staðar. Hins vegar hefur verðbólga á Íslandi verið í takt við verðbólgu annarra landa eða lægri (sjá mynd 3) án þess að stýrivextir lækki í takt við stýrivexti viðkomandi landa.

Ein af ástæðum þess að vextir á Íslandi eru háir er sú að stýrivextir á Íslandi eru bitlausara hagstjórnartól en almennt gengur og gerist.


Ef verðbólga er há vegna mikillar hækkunar húsnæðisverðs er ekki fyllilega ljóst hvernig Seðlabankinn muni ná verðbólguþröngunni sínu með því einu að hækka stýrivexti. Mynd 4 sýnir að árin fyrir hrun hækkuðu stýrivextir umtalsvert á meðan vextir verðtryggðra lána þókuðust lítillega uppávið. Þannig gátu heimili enn staðist greiðslumat þrátt fyrir gífurlega hækkun stýrivaxta. Mikil eftirspurn eftir húsnæði hélt því áfram sem og verðhækkunar húsnæðis.

Geta Seðlabanka Íslands til að hafa áhrif á neyslu heimila er því mjög takmörkuð. Aukin neysla heimila vegna hækkunar launa eða aukinnar skuldsetningar getur aukið þenslu í hagkerfinu sem Seðlabankinn reynir að mæta með enn hærri stýrivöxtum. Bitleysi stýrivaxta er því ein ástæða þess að stýrivextir á Íslandi eru hærri en í öðrum löndum.

Fyrirtæki skulda almennt meira óverðtryggt en heimili. Þannig getur Seðlabankinn haft meiri áhrif á ákvarðanir fyrirtækja en heimila. Seðlabanki Íslands getur þannig hækkað stýrivexti sem eykur kostnað fyrirtækja í þeirri von að fyrirtæki mæti kostnaðarhækkun meðal annars með uppsögnum. Aukið atvinnuleysi þýðir minni neysla íslenskra heimila sem leitt getur til minni verðhækkanna.


Þar sem Seðlabanki Íslands hefur minni áhrif á eftirspurn í hagkerfinu hefur bankinn hækkað vexti meira en ella í þeirri von að ná markmiði sínu þegar verðbólga fer af stað.

Mynd 3 – Verðbólga á Íslandi og í Evrópusambandinu



Heimild: Hagstofa Evrópusambandsins

Mynd 4 – Vextir á Íslandi




Heimild: Seðlabanki Íslands og útreikningar VR

Húsnæðisverð í Evrópu

Húsnæðisverð á Íslandi hefur hækkað mikið undanfarin ár. Samkvæmt tölum Hagstofu Evrópusambandsins hefur fasteignaverð á Íslandi hækkað um 96% frá byrjun árs 2010. Lítið framboð og aukin eftirspurn hefur átt sinn þátt í hækkuninni. Staðan er ekki einskorðuð við Ísland en fasteignaverð hefur einnig hækkað mikið í Eistlandi, Lettlandi og Austurríki. Ísland vermir þó fyrsta sætið.


Mynd 5 sýnir verðþróun frá fyrsta ársfjórðungi 2010 til annars ársfjórðungs 2018. Fram til fyrsta ársfjórðungs 2017 var hækkun fasteignaverðs mest í Eistlandi. Miklar hækkanir byrjuðu á Íslandi 2016 og miðað við stöðuna á öðrum ársfjórðungi 2018 hefur Ísland hækkað allra mest.

Mynd 5 – Fasteignaverð á Íslandi og í Evrópu




Mælaborð Efnahagsyfirlits VR

Kaupmáttarvísitala VR og Hagstofu
Vísitölur = 100 í janúar 1990




Væntingavísitala Gallup

Gildi yfir 100 þýðir að fleiri séu bjartsýnir en svartsýnir á stöðu efnahagsmála




Verðbólga með og án húsnæðis

Gráa svæðið sýnir efri og neðri mörk verðbólguþröngunar Seðlabanka Íslands




Verðbólga og verðbólguþröngunar til næstu þriggja mánaða

Meðaltal af spám stóru viðskiptabankanna þriggja



Raunverð húsnæðis á höfuðborgarsvæðinu

Verð á húsnæði á höfuðborgarsvæðinu leiðrétt með vísitölu neysluverðs án húsnæðis



Heimild: Þjóðskrá Íslands, Hagstofa Íslands og útreikningr VR

Húsnæðisverð miðað við útborguð laun félagsmanna VR


Þegar línan hækkar þá er húsnæðisverð að hækka umfram útborguð laun félagsmanna VR



Heimild: Þjóðskrá Íslands, Hagstofa Íslands og útreikningr VR


Mælaborð Efnahagsyfirlits VR

Vextir fasteignalána og stýrivextir Seðlabankans



Útlán til heimila og fyrirtækja


Myndin sýnir útlán sem hlutfall af landsframleiðslu. Ekki er tekið tillit til útgefna markaðsskuldabréfa⁴



Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands og útreikningar VR


Uppsafnaður fjöldi erlendra ferðamanna

Hver punktur táknar heildarfjölda ferðamanna það sem af er ári




Gengi nokkurra gjaldmiðla og gengisvísitalan

Vísitölurnar sýna hvað ein eining af viðkomandi gjaldmiðli kostar



Heimild: Seðlabanki Íslands


Atvinnuleysi meðal félagsmanna VR og samkvæmt Vinnumálastofnun



Heimild: VR og Vinnumálastofnun

Vinnuskipti félagsmanna VR

Myndin sýnir hlutfall félagsmanna sem skipta um vinnu í hverjum mánuði meðal fyrirtækja innan VR



⁴ Gögnin eru skuld við lífeyrissjóði, útlán innlánsstofnana og útlán ýmissa lánaþyrirtækja (þ.m.t. íbúðalánasjóður)